

Eystrahorn

1. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 10. janúar 2019

www.eystrahorn.is



Mynd: Þorvarður Árnason

Áramótapistill bæjarstjóra

Ég vil óska öllum Hornfirðingum gleðilegs nýs árs með þökk fyrir árið sem er liðið.

Það má segja að árið hafi verið viðburðaríkt og hafði í för með sér töluverðar breytingar fyrir mig persónulega að taka við starfi bæjarstjóra síðastliðið haust. Ég vil nú nota tækifærið og þakka fyrir það tækifæri og að mér sé treyst fyrir þessari mikilvægu stöðu.

Árið 2018 var kosningarár sem leiddi til þess að nýr meirihluti tók til starfa í júní. Auglýst var eftir bæjarstjóra en enginn umsækjandi var ráðinn. Meirihlutinn bauð mér að taka við stöðu bæjarstjóra sem ég þáði. Ég hóf formlega störf 1. september. Auglýst var eftir nýjum framkvæmdastjóra á heilbrigðisstofnunina og gengið frá ráðningu í september. Nú 2. janúar hóf nýr framkvæmdastjóri störf og þar með hef ég látið formlega af störfum á heilbrigðisstofnuninni. Ég hef því gengt tveimur störfum síðustu mánuði sem hefur verið talsverð áskorun. (auðvitað reynt töluvert á.) Ég kveð mitt gamla starf með söknuði en ég hef unnið sem framkvæmdastjóri á heilbrigðisstofnuninni í 6 farsæl ár. Þar á ég góða vini og samstarfsfélaga og í gegnum starfið hef ég kynnst fjölmörgu skemmtilegu fólki sem ég á góðar minningar um.

Fjárhagsáætlun 2019

Starfsárið fór geyst af stað með gerð fjárhagsáætlunar fyrir árið 2019 sem var samþykkt í desember. Fjárhagsáætlun er mikilvægasta stjórnæki sveitarstjórna en þar kemur fram stefna og markmið á hverjum tíma. Í áætlun Sveitarfélagsins Hornafjarðar er stefnt að áframhaldandi uppbyggingu sveitarfélagsins og góðri þjónustu við íbúana. Lögð er áhersla á að hlúa vel að starfsfólki, skólum samfélagsins og eldri íbúum. Að sveitarfélagið sé gott samfélag þar sem eftirsótt er að búa og starfa. Vel er haldið utan um rekstur sveitarfélagsins og er staða sveitarsjóðs mjög góð.

Atvinnulíf

Atvinnuástandið í sveitarfélaginu er mjög gott sem fyrr. Atvinnuleysi í ágúst síðastliðnum var 0,3% og því ljóst að mikil eftirspurn er eftir starfsfólki. Atvinnulífið er fjölbreyttara með hverju árinu.

Nútímatækni breytir starfsumhverfi töluvert en nú hafa margir möguleika á að starfa nánast hvar sem er í heiminum hjá sínu fyrirtæki. Þrátt fyrir það þurftum við að horfa upp á flutning starfa frá Höfn og nærtækasta dæmið er lokun skrifstofu VÍS nú í haust. Starfsemi Nýheima þekkingaseturs er orðinn hluti af kjarnastarfsemi í sveitarfélaginu og þar hefur störfum fylgjað með auknum verkefnum. Það er mikilvægt að tryggja rekstrargrundvöll fyrirtækja í Nýheimum því mörg störf þar eru fjármöggnuð með verkefnastyrkjum. Ég hvet stjórnendur fyrirtækja til að hafa í huga þá möguleika sem felast í samstarfi við Nýheima hvað varðar ráðgjöf, rannsóknir og fleira.

Undirstöðu atvinnuvegir Hornfirðinga er sjávarútvegur og ferðaþjónusta. Sjávarútvegurinn er í stöðugri þróun og fiskistofnar missterkir. Humarinn hefur átt undir högg að sækja og er það áhyggjuefni í humarbænum okkar. Óvissa ríkir um magn loðnukvóta nú sem oft áður. Innsiglingin okkar er erfið en áætlað er að fara í viðhaldsdýpkun á árinu ásamt því að fé er sett í rannsóknir á grynnslunum og á næsta ári er áætlað fé til byggingar varnargarðs.

Ferðaþjónustan hefur vaxið hratt en nú eru blikur á lofti og því spáð að það hægi mjög á fjölgun ferðamanna. Það er þó ljóst að aðdráttarafl svæðisins verður áfram sterkt vegna nálægðar við Vatnajökulsþjóðgarð. Þjóðgarðurinn hefur gríðarlega sterkt aðdráttarafl og trekkir að fjölda ferðamanna, uppbygging við Jökulsárlón verður vonandi að raunveruleika á næstu misserum en unnið er að skipulagsvinnu á svæðinu. Þjóðgarðurinn í Skaftafelli varð 50 ára á árinu sem er nú liðið, þangað kemur mikill fjöldi ferðamanna og þar sem annars staðar er mikil þörf á uppbyggingu. Nú er jólahátíðin orðin mikill annatími í ferðamennsku og er það ánægjulegt, fyrir ófáum árum lokuðu allir veitingastaðir og margir gististaðir yfir jól og áramót. Nú er það breytt og ferðamenn geta sótt þjónustu yfir hátíðarnar.

Íbúapróun og búsetuúrræði

Íbúapróun hefur verið jákvæð undanfarin ár en fjöldi íbúa í sveitarfélaginu þann 5. desember 2018 var 2.381 samanborið við 2.296 fyrir ári síðan og er það fjölgun um 3,6%. Íbúar með erlent ríkisfang eru



456 eða 19% af heildaríbúafjölda. Fjölgun íbúa er því aðeins umfram því sem spáð er í aðalskipulagi sveitarfélagsins. Mikil þörf hefur skapast fyrir fjölgun íbúðahúsnæðis samhliða fjölgun íbúa. Nú í desember voru tekin í notkun tvö fjölbýli, en við það fjölgaði um 11 íbúðir og er sveitarfélagið með þrjár íbúðir í byggingu í Öræfum. Nokkur einbýlishús eru nú í byggingu og á hönnunarstigi og má búast við að um 15 einbýlishús verði risin á næstu tveimur árum. Í skoðun er uppbygging íbúða fyrir eldri íbúa á Hornafirði á Ekru svæðinu m.a. í samstarfi við Búmenn. Það horfir því til bjartari tíma í húsnæðismálum.

Velferðarmál

Í maí á síðasta ári voru loksins undirritaðir samningar við Velferðarráðuneytið um byggingu á nýju hjúkrunarheimili við Skjólgarð. Undirbúningur er nú í fullum gangi og stefnt er að því að hönnunarsamkeppni um bygginguna verði auglýst í byrjun febrúar. Ráðgert er að nýtt heimili verði tekið í notkun árið 2021. Fjöldi hjúkrunarrýma verður þá 30 en ekki verða dvalarrými á heimilinu. Ný bygging mun bæta aðbúnað íbúa til muna. Það eru því spennandi tímar framundan.

Heimaþjónustudeild mun fá nýtt húsnæði á þessu ári en undirbúningur að flutningi úr Sjálfstæðishúsinu að Víkurbraut 24 mun hefjast fljótlega. Samhliða

...framhald á bls. 3



Andlát

Lilja Aradóttir



Lilja Aradóttir fæddist að Borg á Mýrum í Hornafirði 23. júlí 1922. Hún lést á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði á Höfn 22. desember síðastliðinn. Foreldrar hennar voru Ari Sigurðsson bóndi og organisti og Sigríður Gísladóttir húsmóðir. Lilja var sjötta í aldursröð ellefu systkina og eru nú þrjú þeirra á lífi, þau Ragnar, Jón og Hólmfríður. Hin systkinin voru: Vigfús, Sigurður, Gíslí, Fjóla, Guðjón, Ástvaldur og Steinunn. Lilja ólst upp á Borg við öll almenn sveitastörf.

Hinn 18. febrúar 1945 giftist Lilja Hannesi Kristjánsyni frá Einholti, f. 25. 01. 1917 og eignuðust þau sex börn. Þau eru 1) Steinunn f. 11.11.1944, 2) Sigurður Örn f. 30.10.1945, maki Guðbjörg Sigurðardóttir, 3) Kristján Heiðar f. 22.06.1949, d. 17.04.1971, 4) Sigmar Þór f. 11.10.1951, maki Ingibjörg Ó. Sigurðardóttir, 5) Rannver Hólmsteinn f. 08.08.1955, maki Sólveig Hafsteinsdóttir, 6) Ari Guðni f. 16.02.1960, maki Anna Egilsdóttir d. 20.03.2018. Barnabörn Lilju eru 15, langömmubörnin 30 og fyrsta langa-langömmubarnið fæddist skömmu fyrir andlát hennar.

Hannes og Lilja byrjuðu sinn búskap á Höfn í Hornafirði þar sem þau byggðu húsið Strönd sem nú er Ránarslóð 10, en hugurinn leitaði í sveitina og árið 1948 flutti fjölskyldan að Rauðabergi á Mýrum. Árið 1952 keyptu þau jörðina Hólabrekku í sömu sveit, húsuðu þar smám saman upp og bjuggu þar blönduðum búskap til ársins 1990 er þau fluttust að Silfurbraut 21 á Höfn. Þau festu kaup á íbúð að Víkurbraut 32 á Höfn árið 2003 en Hannes lést áður en þau fluttu þar inn, hann lést 14. maí það ár. Lilja bjó ein í íbúðinni til dauðadags.

Lilja lauk grunnskóla eins og þá tíðkaðist og tók námskeið í saumaskap. Hún var flink saumakona og þrjónaði einnig mikið síðustu árin. Lilja var mikil félagsmálamanneskja var formaður kvenfélagsins Einingar á Mýrum um árabil og var heiðursfélagi þess, hún sat einnig í nefndum fyrir Mýrahrepp. Þá var hún virk í Félagi eldri Hornfirðinga og var gerð að heiðursfélagi þess á síðasta ári. Söngur var líf og yndi hennar eins og allra hennar systkina. Hún söng í kirkjukórum bæði á Mýrum og á Höfn og var í Gleðigjöfum, kór eldri borgara, þar til fyrir fáum árum. Lilja var heilsuhraust allt til síðasta dags.

*Útför Lilju fór fram frá Hafnarkirkju laugardaginn
5. janúar kl 14:00.*



FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELÐRI HORNFIRÐINGA

SAMVERUSTUND er föstudaginn 11. janúar kl. 17:00. Umsjón Haukur H. Þorvaldsson. Gestur er Hlynur Pálmason kvikmyndaleikstjóri. Allir velkomnir

PORRABLÓT FEH verður haldið föstudaginn 1. febrúar í Sindrabæ. Þar verður sko fjör !



Þakkir

Við fjölskyldan þökkum af alhug öllum sem sýnt hafa samúð, gefið faðmlag og sent okkur hlýjar kveðjur vegna andláts og útfarar

Kristjáns Vífils Karlssonar,
sem lést þann 10. desember s.l.

Hans er sárt saknað en minningin lifir.



Andlát

Okkar ástkæri

Vignir Þorbjörnsson

lést á hjúkrunarheimilinu Skjólgarði
2. janúar 2019

Útförin hefur farið fram í kyrrþey að ósk hins látna.

Þeir sem vilja minnst hans er bent á gjafa- og minningarsjóð Skjólgarðs. Fjölskyldan þakkar auðsýnda samúð og hlýhug. Sérstakar þakkir fær starfsfólk Skjólgarðs.

Ragna Eymundsdóttir
Helga Vignisdóttir *Borgar Antonsson*
Þorbjörn Vignisson *Jónína Ó Kárdal*
barnabörn og barnabarnabörn



Frumherji
Bifreiðaskoðun á Höfn

14., 15. og 16. janúar.

Tímamantanir í síma 570-9090 fyrir kl. 16:00 föstudaginn 11. janúar.

Næsta skoðun 18., 19. og 20. febrúar.

Frumherji

Þegar vel er skoðað



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson
Netfang:tjorvi@eystrahorn.is
Prófarkalestur.... Guðlaug Hestnes
Umbrot:Tjörvi Óskarsson
Prentun: Litlaprent

ISSN 1670-4126

Eystrahorn

Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

HLS ehf.
Rnr. 0537-14-409068
Kt. 500210-2490

verður farið í eflingu samþættingar á þjónustu við aldraða en þar liggja tækifæri. Það er ljóst að með fjölgun aldraðra og fjölbreyttari búsetu eykst þjónustuhörf í heimahúsum. Skoða þarf mönnun í heimabjónustu utan dagvinnutíma til að gera íbúum kleift að búa lengur heima. Eins er nauðsynlegt að skoða vel alla tækninýjungar sem í boði eru og marka stefnu í velferðartækni fyrir sveitarfélagið.

Sjónarhóll, ný leikskólinn var tekinn í notkun í haust og er það lokahnykkur á sameiningu leikskólanna Lönguhóla og Krakkakots. Bygging leikskólans er mjög vel heppnuð og garðurinn alveg einstakur. Aðstaða fyrir börn og starfsfólk er nú til fyrirmyndar. Vel hefur gengið að manna leikskólann. Nú er tækifæri til að þróa starfsemi leikskólans enn frekar og styðja starfsfólk í sameiningarferlinu.

Samgöngumál

Samgönguáætlun var ekki hliðholl Hornafirðingum að þessu sinni. Framkvæmdum við Hornafjarðarfljót var frestað og að óbreyttu ekki ráðgert að hefja framkvæmdir fyrr en árið 2021. Afgreiðslu samgönguáætlunar var frestað fram á nýtt ár en í skoðun er að flýta framkvæmdum samhliða því að tekin verði upp veggjöld á völdum leiðum. Vonast er til að Hornafjarðarfljót verði þar á lista. Við vorum minnt á hversu hættulegt vegakerfið er nú milli hátíðanna þegar þrír létust í bílslysi á brúnni yfir Núpsvötn en aðeins ár er liðið frá alvarlegu rútuslysi vestan við Kirkjubæjarklaustur. Björgunarlið fór á staðinn frá Hornafirði og stóð vaktina ásamt fleirum, ég vil nota

tækifærið og þakka björgunaraðilum fyrir vel unnin störf á krefjandi vettvangi. Mikill fjöldi einbreiðra brúa er í sveitarfélaginu og er mikilvægt að þrýsta á fækkun þeirra.

Umhverfismál

Sveitarfélagið hefur mikla sérstöðu hvað varðar nálægð við þjóðgarð og mikla náttúruferuð sem laðar að ferðamenn. Huga þarf að umhverfismálum svo sem sormálum, loftslagsmálum o.s.frv. Á næsta ári verður haldið áfram uppbyggingu fráveitu á Höfn en þriðji áfangi á leirusvæði er á áætlun og lokið verður við byggingu hreinsivirkis í Óslandi. Sormálin eru í stöðugri endurskoðun og skoða þarf allar leiðir til að auka flokkun og draga úr urðun sorps. Góður árangur hefur náðst en samhliða hefur neysla almennings aukist. Besta leiðin til að ná árangri í sormálum er að draga úr neyslu!

Nú hef ég tæpt á nokkrum atriðum í rekstri sveitarfélagsins og því sem er framundan. Ég vil minna íbúa á að alltaf er hægt að koma ábendingum til skila í gegnum tölvupóst, með því að koma á bæjarskrifstofurnar, hringja eða skrifa á samfélagsmiðla. Að lokum langar mig að þakka starfsfólki sveitarfélagsins fyrir vel unnin störf á árinu sem er nú liðið og hlakka til að starfa með starfsfólki og íbúum sveitarfélagsins á næsta ári.

*Matthildur Ásmundardóttir,
bæjarstjóri*

LEIÐRÉTTING

Í jólablaði Eystrahorns var viðtal við **Ragnar Arason frá Borg á Mýrum**. Í upptalningu á systkinum Ragnars féll út nafn Sigurðar Arasonar. Beðist er innilegrar velvirðingar á þessu. Hér er rétt upptalning.

"Elstur var Vigfús, hálfbróðir þeirra, þá Sigurður, Gísli, Fjóla, Guðjón, Lilja, Ástvaldur, Steinunn, Ragnar, Jón, og yngst Hólmfríður,..."



Sveitarfélagið

HORNAFJÖRÐUR

Starfsmaður við áhaldahús

Auglýst er eftir starfsmanni í fjölbreytt starf við áhaldahús sveitarfélagsins. Helstu verkefni eru að sinna tilfallandi verkefnum í áhaldahúsi sveitarfélagsins.

Hæfniskröfur:

- Vinnuvélaréttindi æskileg
- Vigtarréttindi æskileg
- Ríkur þjónustuvilji og lipurð í mannlegum samskiptum.

Laun samkvæmt kjarasamningum launanefndar Sambands Sveitarfélaga við FOSS/BSRB og Afis starfsgreinasambands.

Umsóknirskulu sendar á rafrænu formi á netfangið skuli@hornafjordur.is

Frekari upplýsingar um starfið veitir Skúli Ingólfsson, bæjarverkstjóri í síma 895-1473



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / www.hornafjordur.is

TÖLT MEÐ TILGANG

Hittumst kl. 11:00 laugardaginn 12. janúar við Heppuskóla og pökkum rusl úr runnum og við algengustu gönguleiðir Hafnar. Hittumst svo kl. 12:30 við Gárana og skilum af okkur ruslinu. Allir velkomnir

Umhverfissamtök Austur-Skaftafellssýslu

OFURHETJU-SÝNING
FIMLEIKADEILDAR SINDRA
FIMMTUDAGINN 10. JANÚAR
17:30 Í MÁNAGARÐI **500 KR FYRIR FJOLSKYLDU**

Sjálfbærni í ferðabjónustu – nýsköpun í þjálfun starfsfólks

Í byrjun desember síðastliðinn héldu tveir verkefnastjórar Nýheima þekkingarseturs til Brussel til að taka þátt í fyrsta fundi SUSTAIN IT verkefnisins sem styrkt er af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins. Íslenskt heiti SUSTAIN IT er „Sjálfbærni í ferðabjónustu – nýsköpun í þjálfun starfsfólks“.

Þátttakendur í verkefninu koma frá 8 stofnunum sem eru staðsettar í 6 löndum Evrópusambandsins, en auk Nýheima tekur Þekkingarnet Þingeyinga þátt í verkefninu frá Íslandi auk stofnana frá Ítalíu, Grikklandi, Belgíu, Írlandi og Spáni. Eins og áður sagði þá er verkefnið styrkt af Erasmus+ áætlun Evrópusambandsins en þar er meðal annars lögð áhersla á fullorðinsfræðslu og geta fullorðinsfræðsluáðilar, sem og aðrir lögaðilar, s.s. fyrirtæki, aðilar vinnumarkaðar, háskólar og rannsóknastofnanir sótt um styrki til að stuðla að nýbreytni og framþróun í fullorðinsfræðslu.

SUSTAIN IT verkefnið miðar að því að skapa markvissar aðferðir til þjálfunar starfsfólks og rekstraraðila í ferðabjónustu þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi. Þjálfunin fer fram sem bein kennsla eða yfirfærsla á þekkingu, en einnig á starfrænu formi með þeim veflæga gangagrunni sem verkefnið skapar. Markhópurinn er núverandi og mögulegir aðilar í ferðabjónustu, og er markmiðið að bæta samkeppnishæfni þeirra og þekkingu. Mikil áhersla verður lögð á smærri ferðabjónustuaðila sem alla jafna sjá sér ekki fært að skrá sig í langtíma nám eða námskeið. Markmiðið er því að fræðslan verði aðgengileg og auðskilin, og nýtist vel einrykjum og smærri ferðabjónustuaðilum.

Á fundinum í Brussel fengu þátttakendur í verkefninu tækifæri til þess að kynna sig og stofnanir sínar og kynnast þar með samstarfsaðilum sínum í verkefninu. Griðarlega mikil þekking á Evrópuverkefnum er innan hópsins og margir erlendu samstarfsaðilanna hafa tekið þátt í tugum Erasmus+ verkefna á síðastliðnum árum. Það er því ljóst að Nýheimar þekkingarsetur munu styrkja tenglanet sitt á alþjóðavísu til muna með þátttöku í verkefninu. Þá má gera sér vonir um áframhaldandi

í ferðabjónustu þar sem sjálfbærni er höfð að leiðarljósi. Þjálfunin fer fram sem bein kennsla eða yfirfærsla á þekkingu, en einnig á starfrænu formi með þeim veflæga gangagrunni sem verkefnið skapar. Markhópurinn er núverandi og mögulegir aðilar í ferðabjónustu, og er markmiðið að bæta samkeppnishæfni þeirra og þekkingu. Mikil áhersla verður lögð á smærri ferðabjónustuaðila sem alla jafna sjá sér ekki fært að skrá sig í langtíma nám eða námskeið. Markmiðið er því að fræðslan verði aðgengileg og auðskilin, og nýtist vel einrykjum og smærri ferðabjónustuaðilum.

Á fundinum í Brussel fengu þátttakendur í verkefninu tækifæri til þess að kynna sig og stofnanir sínar og kynnast þar með samstarfsaðilum sínum í verkefninu. Griðarlega mikil þekking á Evrópuverkefnum er innan hópsins og margir erlendu samstarfsaðilanna hafa tekið þátt í tugum Erasmus+ verkefna á síðastliðnum árum. Það er því ljóst að Nýheimar þekkingarsetur munu styrkja tenglanet sitt á alþjóðavísu til muna með þátttöku í verkefninu. Þá má gera sér vonir um áframhaldandi



samstarf við þátttakendur SUSTAIN IT verkefnisins í nýjum og fjölbreyttum verkefnum.

Þess ber einnig að geta að SUSTAIN IT uppfyllir vel markmið setursins um að efla menntun, stuðla að bættu framboði og aukinni fjölbreytni náms fyrir íbúa svæðisins. Nýheimar þekkingarsetri er einnig ætlað að þróa ný verkefni til eflingar atvinnu- og byggðaðróunar svæðisins sem byggja á samþættingu rannsókna, nýsköpunar, menningar og menntunar og fellur SUSTAIN IT vel að því markmiði.

Í Brussel var farið vel yfir fyrirhuguð

markmið og framkvæmd SUSTAIN IT, ásamt því að teknar voru ákvarðanir um einkennismerki verkefnisins og heildar ásjónu þess á vefmiðlum.

Fyrir nánari upplýsingar um verkefnið má leita til Söndru Bjargar og Hugrúnar Hörpu hjá Nýheimum þekkingarsetri. Netfang nyheimar@nyheimar.is



Sveitarfélagið
HORNAFJÖRÐUR

Umsóknir um styrki Atvinnu- og rannsóknarsjóðs 2019

Atvinnuálanefnd Hornafjarðar auglýsir eftir umsóknum í atvinnu- og rannsóknarsjóð Sveitarfélagsins Hornafjarðar.

Sjóðurinn veitir styrki til verkefna sem efla byggð eða atvinnu í sveitarfélaginu án þess að skekkja samkeppnisstöðu starfandi fyrirtækja á svæðinu. Sjóðnum er ætlað að veita styrki til atvinnuþróunar, nýsköpunar og rannsókna.

Þeir sem hafa lögheimili í sveitarfélaginu og hafa þar fasta búsetu geta sótt um styrki til sjóðsins. Atvinnuálanefnd Hornafjarðar hefur umsjón með sjóðnum.

Nánari upplýsingar eru veittar í ráðhúsi, Hafnarbraut 27 Höfn eða á heimasíðu sveitarfélagsins, www.hornafjordur.is undir *stjórnsýsla/reglur og samþykktir*.

Umsóknir eru aðgengilegar á íbúagátt sveitarfélagsins <http://ibuagatt.hornafjordur.is>, þar er hægt að fylla út eyðublöð og hlaða inn viðhengjum með umsókn.

Umsóknarfrestur er til 15. janúar 2019.

Eyrún Helga Ævarsdóttir
Förstöðumaður Menningarmistöðvar Hornafjarðar

Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 470-8000 / www.hornafjordur.is



HNEGGLANDI LISTASMIÐJA

Laugardaginn 12. janúar
verður fönðrað í listasalnum í Svavarssafni
frá kl. 12 - 14.

Börnin skoða hestasýninguna *Nána framtíð* og fræðast um sýninguna *Hestafeld* sem innblástur fyrir hugmyndirog listaverk. Unnið verður með lim, tússpenna og garn til að líkja eftir hrossahúð.

Þátttaka er öllum að kostnaðarlausu.

Þórgunnur Þórsdóttir, starfsmaður safnsins, leiðir smiðjuna og verður afrakstur hennar til sýnis í glugga listasafnsins.

Ætlast er til að foreldrar fylgi yngstu börnunum og hjálpi þeim að vinna að sínum eigin sköpunarverkum.

Takið daginn frá Þorrablot Hafnarbúa 2019

@thorrablothafnar

Laugardaginn 26. janúar

#hafnarblot2019

ÓSINN

RESTAURANT-PIZZERIA

PIZZA

Sótt og sent

Pantaðu, tilboð á vefnum

www.osinn.is

s: 478 2200



Hótel Höfn

Víkurbraut 20
780 Höfn í Hornafirði
Móttaka: 478 1240
Pöntunarsími Ósinn: 478 2200

(((HEYRN)))
HEYRNARÞJÓNUSTA



ReSound
rediscover hearing

Verðum á heilsugæslunni
á Höfn í Hornafirði
fimmtudaginn 17. janúar

Verið velkomin

Heyrðu umskiptin
Fáðu heyrnartæki til reynslu



Góð heyrn glæðir samskipti
Tímamantanir 534 9600

Heyrn • Hlíðasmári 11
201 Kópavogi • heyrn.is

H
HÓTEL HÖFN

Lausar stöður

Leitum að öflugum og jákvæðum starfsfólki í okkar hóp

ÓSINN
RESTAURANT-PIZZERIA

Hlutastarf:

* Pizza bakari og heimkeyrsla

Almennt um starfið og hæfniskröfur:

Starfið felst að mestu leiti í pizzabakstri, símsvörun, útkeyrslu á pöntunum og þrifum.

- * Stundvísi og góð framkoma
- * Sjálfstæð vinnubrögð
- * Reglusemi og snyrtimennska
- * Bílpróf

Afleysingar:

* Næturvörður

Almennt um starfið og hæfniskröfur:

Um er að ræða afleysingar á næturvörslu þegar frí og veikindi eru til staðar.

- * Stundvísi og góð framkoma
- * Sjálfstæð vinnubrögð
- * Reglusemi og snyrtimennska
- * Góð ensku kunnátta
- * Almenn tölvuþekking
- *** Aldurstakmark 25 ára ***

Æskilegt er að starfsmenn geti hafið störf sem fyrst og starfað hjá okkur til lengri tíma.

Umsóknir má senda á info@hotelhofn.is en einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð í móttöku Hótel Hafnar.

Hótel Höfn, Víkurbraut 20, 780 Höfn í Hornafirði. Sími 478-1240, netfang: info@hotelhofn.is



Störf í boði hjá RARIK á Höfn í Hornafirði

Vélfræðingur

RARIK ohf auglýsir eftir vélfræðingi til starfa á starfsstöð fyrirtækisins á Höfn. Hér er um fjölbreytt starfað ræða í öflugum vinnuflokki sem vinnur við hitaveituverkefni á Höfn og dreifikerfi fyrirtækisins.

Helstu verkefni

- Viðhaldsverk í dreifikerfi hitaveitu
- Önnur verkefni í dreifikerfi RARIK
- Nýframkvæmdir
- Eftirlit með tækjum og búnaði
- Vinna samkvæmt öryggisreglum

Hæfniskröfur

- Sveinspróf í vélfræði
- Öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt
- Bílpróf

Rafvirki

RARIK ohf auglýsir eftir rafvirkja til starfa á starfsstöð fyrirtækisins á Höfn. Hér er um fjölbreytt starf að ræða í öflugum vinnuflokki sem vinnur við dreifikerfi fyrirtækisins á Austurlandi.

Helstu verkefni

- Viðhald á dreifikerfi RARIK
- Eftirlit með tækjum og búnaði
- Viðgerðir
- Nýframkvæmdir
- Vinna samkvæmt öryggisreglum

Hæfniskröfur

- Sveinspróf í rafvirkjun
- Öryggisvitund
- Almenn tölvukunnátta
- Drifkraftur og geta til að vinna sjálfstætt
- Bílpróf

Við hvetjum bæði konur og karla til að sækja um. Nánari upplýsingar veitir Bergur Hallgrímsson, deildarstjóri framkvæmdasviðs á Austurlandi eða starfsmannastjóri RARIK í síma 528 9000. Umsóknarfrestur er til 28. janúar 2019 og skal skila umsóknum með ferilskrá á netfangið atvinnuumsokn@rarik.is.

RARIK ohf. er rekið sem opinbert hlutafélag í eigu ríkisins. Hlutverk RARIK er að dreifa raforku auk þess að afla, dreifa og annast sölu á heitu vatni. Starfsmenn RARIK eru um 200, aðalskrifstofa er í Reykjavík og um 20 starfsstöðvar eru dreifðar vítt og breitt um landið.

